

Smíðar gersemar úr gömlu gulli

Víða liggja gullhringar og gamlar slitnar festar sem fólk er hætt að geta eða vilja nota. Þarna leynist oft fjársjóður sem hægt er að breyta í nýjan og fallegan skartgrip með því einu að fá gullið brætt upp og smíðað úr því á nýjan leik. Helga Jónsdóttir gullsmiður hefur lagt sig eftir því að smíða nýjar gersemar úr gömlu gulli en hún rekur fyrirtækið Gullkúnst, Gullsmiðju Helgu sem verður tíu ára nú í febrúar en aldarfjórðungur er síðan Helga fór að smíða úr gulli og silfri.




Gamlir gullhringar og keðjur sem bræða á upp.

Ætt Helgu er sannkölluð gullsmiðætt. Leifur Jónsson gullsmiður, sem lengi rak Gullhöllina, er bróðir hennar, móðurbróðirinn er Jóhannes Leifsson gullsmiður og afbróðirinn var Sigmundur Grímsson sem flutti til Vancouver í Kanada fyrir margt löngu, stundaði þar gullsmíðar og var með fjölda fólks í vinnu. Einnig var langafbróðir hennar, Jón Sigmundsson, gullsmiður. Sjálf starfaði Helga fyrst sem setjari en fannst ekki gaman



Bráðnu gulli hellt í rennu.



Bræðslan hafin.

að pikka inn texta annarra því að hana dreymdi um að komast í gullsmiðanám. Leifur bróðir hennar tók hana í læri og þar með var teningunum kastað. Reyndar hvarf hún um stund frá smiðunum, eignaðist börn og bú, eins og gengur, en fyrir tíu árum sneri hún aftur galvösk og festi kaup á Gullkúnst.

Preyttist á víravirkinu

Í byrjun hafði Helga smíðað mest víravirki, enda var það mjög vinsælt þegar hún var að læra. Hún fékk nóg af víravirkinu og la beinast við þegar hún fór aftur út á smiðabrutina að taka gamla gullhringa, fermingarhringa og giftingarhringa og alls konar keðjur frá vinkonunum og ýmsum öðrum og smíða úr þeim fjölbreytilega skartgrip.

„Hringar frá fyrri árum voru oft efnismiklir og því tilvalið að bræða þá upp og smíða upp úr aftur. Smiðarnar þróuðust í kringum þetta og mér fannst það koma vel út. Með

þessu móti þurfti ég ekki að leggja til efnis og komst hjá því að fjárfesta í miklu af gulli. Viðskiptavinirnir högnuðust líka því að þeir lögðu til gullið og þurftu í mörgum tilfellum ekki að borga annað en vinnulaunin. Þessar smíðar hafa stöðugt verið að vinda upp á sig og ég smíða enn mikið úr gömlum hlutum þótt ég vinni að sjálfsögðu líka úr nýju gulli. Hins vegar geri ég lítill sem ekkert af því að endursmíða úr silfri.“ Í tilefni brúðkaupsafmæla kemur fólk líka oft með gömlu hringana og lætur smíða úr þeim aðra nýja.

„Hvernig kvikna hugmyndir að gripunum?“

„Þegar ég smíða úr gömlu gulli kemur hagstæðast út, bæði fyrir mig og viðskiptavininn, ef ég get sýnt eitthvað sem ég hef smíðað og hægt er að hafa það til hliðsjónar. Með því móti er auðveldara að finna vinnslutímamann sem verkið tekur, heldur en ef komið er með millimetrteikningar til að smíða eftir. Svo er rétt að taka fram að ég smíða aldrei neitt án þess að fólk viti fyrir fram svona nokkurn veginn hvað hluturinn komi til með að kosta. Ég byrja á því að vigta efnis og kanna hvort ekki sé áreiðanlega um gull að ræða. Við smiðum hér á verkstæðinu eingöngu úr 14 karata gulli. Það er ekki hægt að blanda saman t.d. 9 og 14 karata gulli og smíða úr blöndunni þar sem ég verð að stimpla hlutinn áður en hann fer frá mér. Fyrir kemur að ég þurfi að bæta gulli við til að fá nóg í gripinn en ég hef líka lent í því að komið hafi verið með svo mikið gull að viðskiptavinurinn



hafi átt innistæðu hjá mér að verki loknu.“

Gullið ekki í kílóavís

Óunnið gull fá gullsmiðir meðal annars í formi eins konar gullkúlna. Þær eru bræddar og blandað saman við þær öðrum málum þar til rétta hlutfallið fæst. Helga dregur fram gullstöng sem minnir helst á lakkrisreim og hún hlær þegar ég spyr hvort hún eigi ekki alvörugullbarra eins og þá sem gullforðar bankanna eru geymdir í.

„Nei, gullið kemur ekki í kílóavís, það yrði svolítið dýrt! Við myndum ekki ráða við það.“

„En smíðar Helga ekki úr öðru en gulli og eftir pöntunum?“

„Jú, og það er það skemmtilegasta. Það kalla ég að leika mér og þá fer ég helst ekki heim á kvöldin.“ Þegar Helga „leikur sér“ vinnur hún gjarnan úr silfri og smíðar bæði stærri og grófari hluti. „Mér finnst meira gaman að smíða úr silfri. Þegar ég er með gullið þarf ég að spara efnis. Það er svo dýrt að ég get ekki látið eftir mér að smíða einhverja hlunka. Ég leyfi mér að brúðla svolítið með silfrið og gera það sem mig langar til.“

Að sögn Helgu er mjög gaman að fylgjast með stefnum og straumum erlendis. Hún fer á sýningar í Danmörku og til München og Basel en þar eru haldnar miklar sýningar. Henni finnst mun skemmtilegra að skoða skartgrip frá Norðurlöndunum og Pýskalandi en til dæmis frá Ameríku, enda er norræn hönnun á skarti yfirleitt meira að okkar smekk.



Hringir og armband, hvort tveggja smíðað úr gömlu gulli.

Sjúk í verkfæri

„Hvað skyldi gullsmiðinn dreyma um þegar ekki er verið að hugsa um skartgrip? Svárið kemur á óvart:

„Ég er sjúk í verkfæri og er að verða eins og karlamir í bílskúrunum í gamla daga. Mig langar í þessa töng eða þetta verkfæri. Ein jólin var ég með óskalista eins og börnin og það manninn minn að gefa mér grafkúlu í jólagjöf. Skrýtið hvernig maður breytist. Það er svo komið að þegar ég fer á sýningar get ég ekki slitið mig frá verkfærunum þótt ég hafi að sjálfsögðu alltaf mjög gaman af að skoða það nýjasta í hönnun á hverjum tíma. Að því loknu set ég stefnuna á verkfæradeldir sýninganna!“

Helga virðir fyrir sér verkfærið.

Smíði gullhrings mislangt á veg komin

